

L Ö G

um starfskjör presta þjóðkirkjunnar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum.

1. gr.

1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo: Biskups Íslands, vígslubiskupa, prófasta, sóknarpresta og sérþjónustupresta, borgardómara, borgarfégeta, bæjarfégeta, flugmálastjóra, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, forstjóra Landhelgisgæslu, forstjóra Ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkislögmans, ríkissaksóknara, ríkisskattaneftarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfégeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara, en starfskjör þeirra skulu ákveðin af Kjaradómi.

II. KAFLI

Um breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum.

2. gr.

3. tölul. 2. mgr. 29. gr. laganna orðist svo: Hæstaréttarritari og starfsmenn Hæstaréttar, héraðsdómarar, lögreglustjórar, fulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík, tollstjóri, tollgæslustjóri, vígslubiskupar, prófastar, sóknarprestar og sérþjónustuprestar.

III. KAFLI

Um breyting á lögum um Kjaradóm, nr. 92/1986.

3. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Kjaradómur ákveður launakjör þeirra sem hér greinir:

Biskups Íslands, vígslubiskupa, prófasta, sóknarpresta og sérþjónustupresta, borgardómara, borgarfégeta, bæjarfégeta, flugmálastjóra, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, forstjóra Landhelgisgæslu, forstjóra Ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkislögmans, ríkissaksóknara, ríkisskattaneftarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, skrifstofustjóra Alþingis, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfégeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara.

IV. KAFLI
Um gildistöku.
4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1991.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 1991.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Ólafur Ragnar Grímsson.

LÖG
um búfjárhald.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI
Markmið og yfirstjórn.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem föng eru á góða meðferð og aðbúnað búfjár í samræmi við þarfir og að það hafi ætíð nægilegt fóður og drykk.

Tilgangur laganna er einnig að tryggja að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lúta að meðferð búfjár og eftirliti með búfjárhaldi sem kveðið er á um í lögum þessum.

Með búfé er í lögum þessum átt við alifugla, geitur, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín. Auk þess önnur dýr sem haldin verða til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Með vörslu búfjár er í lögum þessum átt við að búfjáreigandi haldi því búfé, sem varslan tekur til, innan ákveðins afmarkaðs svæðis, en með lausagöngu búfjár að búfé geti gengið á annars manns land í óleyfi.

II. KAFLI
Takmörkun búfjárhalds.

3. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Landbúnaðarráðherra staðfestir slíka samþykkt að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands.